

Fundur í **Félagsmála- og jafnréttisnefnd** Reykhólahrepps 13. ágúst 2008 kl. 15:00.

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundafrgerðin rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Rebekka Eiríksdóttir, Áslaug B. Guttormsdóttir, Þráinn Hjálmarsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Dagskrá:

1. Bréf dags. 20.06.2008 frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum með umsókn um þjónustu fyrir nemanda.

Fundurinn samþykkir að fela Svæðisskrifstofunni að ljúka samningum í samráði við Reykhólahrepp í líkingu við samninga á milli Dalabyggðar og Svæðisskrifstofu Vesturlands.

2. Fyrirspurn um þátttöku sveitarfélagsins í kostnaði vegna skólagöngu fatlaðs nemanda í fjölbrautarskóla. Nefndin óskar eftir heimild hreppsnefndar til að ganga frá kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins vegna skólagöngu nemandans í samræmi við fyrri afgreiðslur og í samráði við Fjölbrautaskóla Akraness og Svæðisskrifstofu fatlaðra á Vestfjörðum.

Til kynningar:

1. Bréf dags. 02.07.2008 frá Félags- og tryggingamálaráðuneytinu um aðsetur matsteyma sem sjá eiga um mat á þörf aldraðra fyrir dvalarrýmum. Kynnt.
2. Bréf dags. 11.06.2008 frá Félags- og tryggingamálaráðuneytinu með reglugerð um mat á þörf aldraðra fyrir dvalarrými. Kynnt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.: 17:00.

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)

Þráinn Hjálmarsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)